



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 30. mars, 2012

Ákvörðun nr. 5/2012

**Sameiginleg yferráð Framtakssjóðs Íslands slhf. og Horns fjárfestingarfélag ehf.
yfir Promens hf.**

I.

Málavextir og málsmeðferð

Framtakssjóður Íslands slhf. (hér eftir FSÍ) tilkynnti Samkeppniseftirlitinu um samruna FSÍ og Promens hf. (hér eftir Promens) með samrunatilkynningu, dags. 20. október 2011. Með samrunanum keypti FSÍ hlut í Promens af Horni fjárfestingarfélagi ehf. (hér eftir Horn) og eftir kaupin fara FSÍ og Horn sameiginlega með yferráð yfir Promens. Í samrunaskrá kom fram að FSÍ væri samlagshlutafélag í eigu lífeyrissjóða og Landsbankans hf. (hér eftir Landsbankinn). Ábyrgðaraðili þess væri FSÍ GP ehf. sem væri einkahlutafélag í eigu hluthafa FSÍ. Í samrunatilkynningunni kom fram sú ósk samrunaaðila að Samkeppniseftirlitið nýtti heimild 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og heimilaði framkvæmd samrunans á meðan Samkeppniseftirlitið fjallaði um hann. Samrunaaðilar greiddu samrunagjald þann 27. október sl. til ríkissjóðs.

Með bréfi, dags. 27. október sl., veitti Samkeppniseftirlitið umbeðna undanþágu frá banni samkeppnislaga við því að samruni komi til framkvæmda meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann. Þann 29. nóvember sl. tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum með bréfi að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Samkeppniseftirlitið tilkynnti samrunaaðilum með bréfi, dags. 24. janúar sl., það frummat eftirlitsins að samruninn leiddi að óbreyttu til röskunar á samkeppni og því kæmi til athugunar að setja samrunanum skilyrði. Óskaði eftirlitið sjónarmiða samrunaaðila. Samrunaaðilar brugðust við með bréfi, dags. 2. febrúar sl. og lýstu sig reiðubúna til viðræðna um skilyrði vegna samrunans.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við FSÍ, Horn og Landsbankann hafa leitt til þess að þessir aðilar hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samruna þessum eru sett skilyrði sem rakin eru í niðurstöðukafla ákvörðunar þessarar.

II.



Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum yfir fyrirtæki til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, nái beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða með öðrum hætti.

FSÍ er samlagshlutafélag. Í samrunatilkynningu kemur fram að eigendur þess séu 16 lífeyrissjóðir og Landsbankinn. Landsbankinn sé stærsti eigandi sjóðsins með tæplega 28% eignarhlut, Lífeyrissjóður verslunarmanna næst stærstur með tæplega 20% eignarhlut og Gildi lífeyrissjóður þriðji stærstur með rúmlega 10% eignarhlut. Ábyrgðaraðili FSÍ er FSÍ GP ehf. sem er einkahlutafélag í eigu hluthafa FSÍ.

Promens er móðurfyrirtæki samstæðu fyrirtækja sem starfa í plastframleiðslu. Í samrunatilkynningu kemur fram að á vegum samstæðunnar séu reknar 45 verksmiðjur í Evrópu, Norður Ameríku, Asíu og Afríku. Meðal vörutegunda sem fyrirtækið framleiðir eru umbúðir fyrir matvæli, snyrtivörur og lyf, auk íhluta fyrir bifreiðar, landbúnaðarvélar og þungavinnuvélar. Starfsmenn samstæðunnar eru sagðir um 4200 talsins. Á Íslandi eru starfandi tvö framleiðslufyrirtæki innan samstæðu Promens, annars vegar Promens Dalvík ehf. (hér eftir Promens Dalvík) og hins vegar Promens Tempra ehf. (hér eftir Tempra).

Promens Dalvík og Tempra eru fyrirtæki sem starfa annars vegar á Dalvík og hins vegar í Hafnarfirði. Framleiðsluvara þessara fyrirtækja er ólík og framleiðir Promens Dalvík m.a. fiskikör með svonefndri hverfissteypu en Tempra framleiðir m.a. einangrunarplast og matarumbúðir úr einangrunarplasti.

Mál þetta fjallar um kaup FSÍ á hlut í Promens. Hlutinn keypti FSÍ af Horni fjárfestingarfélagi og eiga FSÍ og Horn tæplega helming hlutafjár hvort félag fyrir sig eftir viðskiptin. Aðrir eigendur eiga innan við 2% í fyrirtækinu. FSÍ keypti hlut sinn af Horni og leiða kaupin því til þess að FSÍ og Horn fara sameiginlega með yferráð yfir Promens. Fyrir þessi viðskipti taldist Horn eitt og sér fara með yferráð yfir Promens, en Samkeppniseftirlitið féllst á kaup Horns á öllum hlutum Atorku Group hf. í Promens með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2011, *Samruni Horns fjárfestingarfélags ehf. og Promens hf.* Með þessum kaupum eignaðist Horn 93,4% hlutafjár í A flokki í Promens og allt hlutafé í Promens í B flokki. Samkeppniseftirlitið taldi þessi viðskipti skaðleg fyrir samkeppni en lauk málinu með sátt milli Samkeppniseftirlitsins og Horns um skilyrði fyrir samruna Horns og Promens.

FSÍ keypti 40% hlut í Promens af Horni með kaupsamningi, dags. 30. júní 2011. Í kaupsamningnum var kveðið á um forkaupsrétt FSÍ á 9,5% viðbótarhlut í Promens. Með bréfi, dags. 16. september 2011 til forsvarsmanna Horns og Promens, tilkynnti FSÍ að sjóðurinn hefði ákveðið að nýta sér framangreindan kauprétt sinn. Í framhaldi fara FSÍ og Horn sameiginlega með yferráð yfir Promens.



Seljandinn, Horn, er fjárfestingarfélag sem er að fullu í eigu Landsbankans. Landsbankinn á því 49,9% hlut í Promens gegnum Horn, auk þess hlutar sem Landsbankinn á í gegnum eignarhald sitt á FSÍ.

Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá sem fylgdi tilkynningu um yfirtöku Horns á Promens og Samkeppniseftirlitið tók fyrirnefnda ákvörðun nr. 26/2011 um, er Horn alhliða fjárfestingarfélag sem fjárfestir í ýmsum atvinnugreinum, jafnt í skráðum sem óskráðum verðbréfum. Félagið sé að jafnaði minnihlutafjárfestir en starfi í nánú samstarfi við meðfjárfesta sem búi yfir sérþekkingu á viðkomandi atvinnugrein. Þegar við eigi sé félagið umbreytingafjárfestir sem beiti áhrifum sínum til að styrkja og umbreyta fyrirtækjum sem það sé hluthafi í. Horn hafi verið stofnað í lok árs 2008 og hafi þá yfirtekið nær allar hlutabréfaeignir í skráðum og óskráðum félögum sem fluttust frá Landsbanka Íslands hf. til Landsbankans (áður NBI hf.). Markmið með stofnun félagsins hafi verið að aðgreina utanumhald vegna fjárfestinga í hlutabréfum frá meginstarfsemi bankans.

III.

Niðurstaða

Samkeppniseftirlitið hefur nýlega fjallað um Promens í ákvörðun nr. 26/2011, *Samruni Horns Fjárfestingarfélags ehf. og Promens hf.*, og einnig um FSÍ í ákvörðun nr. 1/2011, *Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf.*

Um samruna Horns og Promens voru sett skilyrði í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2011. Skilyrðin kveða m.a. á um að Tempra sé rekið sem sjálfstætt félag í ljósi sterkrar stöðu þess félags á þeim mörkuðum sem það starfar á. Ekki var talin þörf á að hafa slíkt ákvæði um rekstur Promens Dalvík. Einnig var kveðið á um skyldu Landsbankans til að taka upp öflugt innra eftirlit með því að skilyrðin nái markmiði sínu. Í 4. gr. skilyrðanna segir: "*Nú missir Landsbankinn yfiráð yfir Horni og þeim félögum sem undir það félag heyra eða Horn missir yfiráð yfir Promens og skulu skilyrði þessi þá falla í brott. Skal Horn Fjárfestingarfélag gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir slíkum breytingum á yfiráðum með skriflegri tilkynningu.*" Með þessu er aðeins fjallað um missi Landsbankans eða Horns á yfiráðum, en ekki sérstaklega vikið að því hvað gerist þegar yfiráðin breytast með þeim hætti eins og gerist í máli þessu.

Enn fremur voru sett skilyrði fyrir kaupum FSÍ á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf. með ákvörðun nr. 1/2011. Voru þau skilyrði ítarleg og að nokkru sambærileg skilyrðum sem eftirlitið setti fyrir samruna Horns og Promens og lutu þau að FSÍ og stjórnnum fyrirtækja sem FSÍ á hlut í. Í 5. gr. þeirra skilyrða segir m.a. "*... Skilyrðin taka ekki til einstakra félaga frá og með því tímamarki er þau hættu að vera undir yfiráðum FSÍ og Vestia...*" Hér er ekki heldur fjallað um það hvað gerist ef til þess kemur að yfiráð FSÍ og Vestia yfir tilteknu félagi eru ekki heil og óskipt, heldur sameiginleg með t.d. einum öðrum eiganda.

Í máli þessu er um það að ræða að Horn, sem fyrir átti ráðandi hlut í Promens, selur hlut í félaginu. Eftir að salan er afstaðin á Horn rétt undir 50% hlutafjár í Promens. Þá verður kaupandi hlutafjárins, FSÍ, eigandi að um það bil jafn miklu hlutafé í Promens og er í eigu



Horns. Fara þessir tveir aðilar sameiginlega með yfiráð yfir félaginu. Landsbankinn er eini eigandi Horns og stærsti eigandi FSÍ og á bankinn meira en helming hlutfjár í Promens í gegnum þessi tvö félög.

Með samruna þessum selur Horn frá sér hlut í Promens sem leiðir til þess að Horn fer ekki eitt með yfiráð yfir Promens, heldur sameiginlega með FSÍ. Þá fer FSÍ, sem er kaupandi hlutfjárins ekki einn með yfiráð yfir Promens heldur sameiginlega með Horni. Loks háttar svo til að Landsbankinn, sem á Horn og er um leið stærsti hluthafi FSÍ, á í gegnum Horn og FSÍ meirihluta hlutfjár í Promens. Að mati Samkeppniseftirlitsins gerir þessi staða það að verkum að nauðsynlegt er að setja samruna þessum skilyrði, jafnvel þótt viðskiptin sem um ræðir felist að forminu til í því að tvö fyrirtæki deili með sér yfiráðum yfir Promens í stað eins fyrirtækis.

Samkeppniseftirlitið telur nauðsynlegt að setja þessum samruna sjálfstæð skilyrði, sem efnislega taka einkum mið af skilyrðum í ákvörðun nr. 26/2011 og af ákvörðun nr. 1/2011. Eftir sem áður gilda þau skilyrði ennþá sem fram koma í framangreindum ákvörðunum.

Um nánari rökstuðning fyrir setningu skilyrða þessara og stöðu fyrirtækja á markaði vísast einkum til þessara tveggja ákvarðana.

3. Íhlutun

Af framangreindu leiðir að tilefni er til íhlutunar skv. 17. gr. c samkeppnislaga vegna samrunans. FSÍ, Landsbankinn og Horn hafa lýst yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f laganna og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa leitt til sáttar sem felur í sér neðangreind skilyrði sem sett eru fram í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandamál sem stafa af samrunanum.

Við setningu skilyrða almennt er mikilvægt að hafa í huga að fyrirtæki sem tekin eru yfir af bönkum eiga ekki að hætta að keppa eða fara sér hægar í samkeppni. Slíkt myndi valda almenningi og öðrum viðskiptavinum tjóni á þeim mörkuðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa. Hins vegar verður að tryggja að eignarhald banka leiði ekki til röskunar á samkeppni sökum þeirra sérstöku kringumstæðna sem nú ríkja í atvinnulífi hér á landi. Segja má að þessi samkeppnislegu vandamál felist í grundvallaratriðum í eftirfarandi atriðum í þessu máli:

- Eignatengslum sem kunna að myndast á milli m.a. keppinauta undir yfiráðum Landsbankans og dótturfélaga hans.
- Hættu á að viðkvæmar rekstrarupplýsingar um keppinauta yfirtekinna atvinnufyrirtækja sem eru í viðskiptum við Landsbankann berist til þeirra félaga sem hluthafarnir hafa yfiráð yfir, þ.m.t. til keppinauta.
- Hættu á að hlutast sé til um að fyrirtæki undir yfiráðum Landsbankans, Horns eða FSÍ beini viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yfiráðum



Landsbankans, Horns eða FSÍ og útiloki keppinauta þar með frá mikilvægum viðskiptum.

- Hættu á að Landsbankinn mismuni í viðskiptum sínum eða fjárfestingum þannig að félög undir yferráðum Landsbankans, Horns eða FSÍ njóti betri viðskiptakjara en ætla mætti að óskyldur aðili myndi njóta.
- Hættu á að Landsbankinn mismuni viðskiptavinum sínum þannig að félög undir yferráðum bankans njóti betri viðskiptakjara án þess að málefnaleg sjónarmið búi þar að baki.
- Hættu á að viðkvæmar upplýsingar um fyrirtæki í almennum bankaviðskiptum við Landsbankann berist til keppinauta viðkomandi fyrirtækja.

Til þess að koma í veg fyrir mögulega samhæfingu í viðskiptastefnu atvinnufyrirtækja undir yferráðum Landsbankans, Horns eða FSÍ og tryggja að þau starfi áfram sem sjálfstæðir keppinautar á markaði telur Samkeppniseftirlitið eðlilegt að Promens verði rekið óháð Landsbankanum, Horni og FSÍ eftir því sem kostur er. Telur Samkeppniseftirlitið rétt að kveða sérstaklega á um að Tempra sé rekið sem sjálfstætt félag, óháð Landsbankanum, í ljósi sterkrar stöðu þess félags á þeim mörkuðum sem það starfar á. Hins vegar er að mati Samkeppniseftirlitsins óþarft, með hliðsjón af atvikum málsins, að hafa slíkt ákvæði um rekstur Promens Dalvík.

Tengsl banka og atvinnufyrirtækja geta einnig haft áhrif til þess að atvinnufyrirtækin sem tekin eru yfir eða önnur félög sem vega þungt í útlánasafni bankanna beini viðskiptum sínum hvert til annars. Hagsmunir banka af endurheimt skulda kunna að vera best tryggðir með þessu móti til skamms tíma en að sama skapi væri samkeppni veruleg hættu búin ef bankar kæmu á þennan hátt í veg fyrir að atvinnufyrirtæki tækju ákvarðanir sem eru viðskiptalega skynsamlegastar á hverjum tíma. Ef viðkomandi fyrirtæki eru öflug á sínu sviði getur þetta leitt til þess að keppinautar útilokist frá mikilvægum viðskiptum. Til langs tíma er hag yfirteknu fyrirtækjanna jafnframt best borgið með því að þau starfi með sem eðlilegustum hætti og leitist í sífellu við að gera eins hagstæða samninga og þeim er unnt. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að skilyrðin komi eins og hægt er í veg fyrir þá hagsmunaárekstra sem upp kunna að koma með því að takmarka aðkomu starfsmanna þeirra samrunaaðila sem hafa með höndum útlánastarfsemi að Promens.

Samkeppniseftirlitið telur mikilvægt að rekstur Landsbankans á fyrirtækjum á sviði plastframleiðslu hérlendis verði ekki langvarandi vegna þeirrar mögulegu samkeppniströskunar sem í honum getur falist.

Íslenskur bankamarkaður er verulega samþjappaður þar sem þrjár viðskiptabankar hafa yfirgnæfandi markaðshlutdeild. Stærð bankanna veldur því að þeir búa yfir umtalsverðu magni trúnaðarupplýsinga. Í vissum tilvikum búa einstakir bankar yfir trúnaðarupplýsingum um keppinauta þeirra atvinnufyrirtækja sem þeir taka yfir. Er skilyrðunum ætlað að tryggja að slíkar upplýsingar berist ekki til hinna yfirteknu fyrirtækja. Jafnframt er lagt bann við því að viðkvæmar upplýsingar berist frá yfirteknum fyrirtækjum til keppinauta eða viðskiptavina þeirra sem kunna einnig að vera í eigu eða í viðskiptum við sama banka.



Í skilyrðunum er að finna ákvæði sem leggur þá skyldu á Landsbankann að taka upp viðvarandi og öflugt innra eftirlit með því að skilyrðin nái markmiði sínu. Ber bankanum að tryggja að óháður aðili innan bankans geti með trúverðugum hætti fylgst með framkvæmd skilyrðanna og gefið Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt. Eftirlit þetta er vitaskuld til viðbótar við hið almenna eftirlit sem Samkeppniseftirlitið hefur með því að fyrirtæki fari eftir ákvörðunum sem teknar eru skv. samkeppnislögum.

Þá er í skilyrðunum kveðið á um að skilyrðin falli úr gildi eða m.ö.o. falli brott þegar Landsbankinn missi yfirráð yfir Horni. Samkeppniseftirlitið telur koma til greina að skilyrði þessi falli úr gildi, eða falli brott, verði Horn skráð á hlutabréfamarkað. Samkeppniseftirlitið mun taka afstöðu til slíkrar óskar Horns eða Landsbankans þegar Horn hefur verið skráð á hlutabréfamarkað, komi hún fram. Þá er kveðið á um að ef og þegar FSÍ getur ekki talist hafa yfirráð eða sameiginleg yfirráð með öðrum yfir Horni, muni skilyrðin falla í brott hvað FSÍ varðar.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á hlut í Promens hf. sem leiðir til sameiginlegra yfirráða FSÍ og Horns Fjárfestingarfélags hf. yfir Promens felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru sett skilyrði fyrir samrunanum. Með setningu á eftirfarandi skilyrðum er ekki þörf á ógildingu samrunans:

1.

Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum

1.1

Almennt

Markmið sáttar þessarar er að tryggja að eignarhald FSÍ, Horns og Landsbankans á Promens skaði ekki samkeppni og sporna gegn skaðlegum samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignarhaldi bankans á atvinnufyrirtækjum á samkeppnismörkuðum.

1.2

Tryggja skal sjálfstæði Tempru

Tempra skal rekið sem sjálfstætt félag undir Promens og skulu FSÍ, Horn og Landsbankinn ekki hlutast til um starfsemi þess félags. Stjórn Tempra skal skipuð óháðum stjórnarmönnum. Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá Horni, bankanum eða fyrirtækjum sem bankinn á meira en 15% eignarhlut í, að FSÍ undanskildu, er ekki maki stjórnarmanns eða stjórnanda hjá ofangreindum aðilum, skyldum þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Stjórnarmenn sem FSÍ kys í stjórn Tempru skulu vera óháðir eigendum FSÍ í skilningi þessarar málsgreinar. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður framangreindum aðilum í



störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila uppfylla ekki þetta skilyrði. Þrátt fyrir framanritað er starfsmönnum FSÍ og starfsmönnum og stjórnarmönnum Promens, öðrum en starfsmönnum eða stjórnarmönnum í Landsbankanum eða Horni og stjórnarmönnum í FSÍ, heimilt að sitja í stjórn Tempru.

1.3

Óheimilt er að hlutast til um viðskipti milli Promens og tengdra fyrirtækja

Ef um er að ræða viðskipti á milli annars vegar Promens héraðs, þ.e. Promens Dalvík eða Tempra, og hins vegar keppinauta eða mikilvægra viðskiptavina Promens sem eru eða munu verða, að fullu eða hluta, í eigu FSÍ, Landsbankans eða Horns (nefnd hér eftir tengd fyrirtæki) skulu þau vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Þá skal viðskiptastefna Promens vera algerlega óháð tengdum fyrirtækjum í eigu FSÍ, bankans og Horns.

Hvorki framtakssjóðurinn, bankinn né fjárfestingarfélagið skulu hlutast til um viðskipti á milli Promens og tengdra félaga. Er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að Promens beini viðskiptum til tengdra fyrirtækja. Jafnframt er bankanum óheimilt að beita sér fyrir að tengd fyrirtæki eigi viðskipti við Promens.

Landsbankinn skal tryggja að starfsmenn bankans miðli ekki viðkvæmum upplýsingum um starfsemi framangreindra fyrirtækja milli þeirra.

1.4

Bankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli Promens og annarra viðskiptavina bankans

Bankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli annars vegar Promens og dótturfélaga þess og hins vegar annarra viðskiptavina bankans. Þannig er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að viðskiptavinir hans beini viðskiptum sínum til Promens eða að Promens beini viðskiptum sínum til annarra viðskiptavina bankans.

1.5

FSÍ er óheimilt að beita sér fyrir viðskiptum milli Promens og dótturfélaga sinna. FSÍ er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli annars vegar Promens og dótturfélaga þess, sbr. þó grein 1.3. Þannig er framtakssjóðnum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að dótturfélög hans beini viðskiptum sínum til Promens eða að Promens beini viðskiptum sínum til dótturfélaga framtakssjóðsins.

1.6



Landsbankinn og Horn skulu gæta jafnræðis og trúnaðar milli Promens og annarra viðskiptavina bankans

Landsbankinn skal gæta jafnræðis á milli Promens og annarra viðskiptavina bankans. Þannig skal bankinn tryggja að sömu aðilar innan bankans séu ekki viðskiptastjórar (starfsmenn útlánasviða sem bera ábyrgð á útlánum til einstakra viðskiptavina) annars vegar Promens og hins vegar mikilvægra viðskiptavina Promens og birgja sem bankanum er kunnugt um eða keppinauta Promens sem jafnframt kunna að vera í viðskiptum við bankann.

Landsbankinn og Horn skulu með nauðsynlegum aðgerðum tryggja að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn eða Horn búa yfir eða kunna að öðlast síðar um keppinauta eða viðskiptavini Promens og dótturfélaga Promens berist ekki til Promens.

Með sama hætti skulu Landsbankinn og Horn með nauðsynlegum aðgerðum tryggja að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn eða Horn búa yfir eða kunna að öðlast síðar um Promens og dótturfélög þess berist ekki til keppinauta eða viðskiptavina þeirra fyrirtækja.

Tryggt skal að starfsmenn Landsbankans, aðrir en viðskiptastjórar bankans gagnvart Promens hafi ekki meiri aðgang að viðkvæmum upplýsingum um Promens og dótturfélög Promens en nauðsynlegt er til að þeir geti sinnt störfum sínum og viðskiptastjórar bankans gagnvart Promens hafi ekki aðgang að viðkvæmum upplýsingum um samkeppnisaðila félagsins.

2.

Upplýsingagjöf

2.1

Opinber upplýsingagjöf FSÍ um starfsemi framtakssjóðsins og framkvæmd á skilyrðum

FSÍ skal birta að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar á heimasíðu sinni:

- a) Skipan stjórnar FSÍ, Promens og Tempru.
- b) Skipurit FSÍ, Promens og Tempru.
- c) Upplýsingar um allar eignir þar sem FSÍ á 10% eða meiri eignarhlut í eða markaðsvirði eignarhlutar FSÍ nemur 1. ma. kr. eða meira.
- d) Almennar upplýsingar um hvernig FSÍ hyggst tryggja að ákvörðun þessari sé fylgt.

Skulu upplýsingarnar vera aðgengilegar á heimasíðum FSÍ frá 30. mars nk. og vera þar aðgengilegar að minnsta kosti jafn lengi eftir þá dagsetningu og skilyrði þessi eru í gildi.

2.2

Opinber upplýsingagjöf Horns um starfsemi eignarhaldsfélagsins og framkvæmd á skilyrðum



Horn skal birta að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar á heimasíðu sinni:

- a) Skipan stjórnar Horns, Promens og Tempru.
- b) Skipurit Horns, Promens og Tempru.
- c) Upplýsingar um allar eignir þar sem Horn á 10% eða meiri eignarhlut í eða markaðsvirði eignarhlutar Horns sem nemur 1. ma. kr. eða meira.
- d) Aðkeypta þjónustu fjárfestingarfélagsins frá Landsbankanum.
- e) Meginefni samnings fjárfestingarfélagsins við Landsbankann um fjármögnun félagsins.
- f) Almennar upplýsingar um hvernig fjárfestingarfélagið hyggst tryggja að ákvörðun þessari sé fylgt.

Skulu upplýsingarnar vera aðgengilegar á heimasíðu Horns frá og með gildistöku skilyrða þessara og vera þar aðgengilegar að minnsta kosti jafn lengi eftir þá dagsetningu og skilyrðin eru í gildi.

2.3

Opinber upplýsingagjöf Landsbankans um framkvæmd á skilyrðum þessum

Á heimasíðu Landsbankans skulu birtar upplýsingar frá og með gildistöku ákvörðunar þessarar sem að minnsta kosti útskýra framkvæmd bankans á ákvörðun þessari. Skulu upplýsingarnar vera aðgengilegar að minnsta kosti jafn lengi eftir þá dagsetningu og skilyrði þessi eru í gildi.

3.

Arðsemismarkmið

3.1

Rekstur Promens undir yfirráðum FSÍ og Horns

Aðkoma Landsbankans, FSÍ og Horns að starfsemi Promens skal alfarið byggjast á viðskiptalegum forsendum. Það skal tryggt með þeim hætti að FSÍ og Horn setji sér eigendastefnu gagnvart Promens sem feli m.a. í sér eftirfarandi:

a) FSÍ og Horn skulu hvort í sínu lagi reikna eðlilega arðsemiskröfu til rekstrarfélaga Promens sem starfrækt eru hér á landi og koma henni á framfæri við stjórn Promens. Eðlileg arðsemiskrafa þarf að vera í samræmi við þá áhættu sem fylgir fjárfestingu í hlutafé viðkomandi fyrirtækis og skal í því sambandi byggja á viðurkenndum fjármálafræðilegum aðferðum. Sé uppbygging Promens samstæðunnar með þeim hætti að erfitt er fyrir hluthafa að gera sjálfstæða arðsemiskröfu til starfsemi Promens hér á landi skal heimilt að miða við samstæðuna alla.

b) Landsbankinn, FSÍ og Horn, svo og tengd félög, skulu gera formlega samninga um allar lánveitingar til Promens vegna starfsemi félagsins hérlendis, þ.m.t. til kaupa á vörubirgðum og fastafjármunum. Öll kjör og önnur fyrirgreiðsla sem snýr að fjármögnun Landsbankans, FSÍ og Horns,



svo og tengdra félaga, til Promens, sem veitt er eftir dagsetningu sáttar þessarar, skulu vera líkt og um óskylda aðila sé að ræða.

4.

Eftirlit

4.1

Eftirlitsaðilar Landsbankans og FSÍ

FSÍ skal fela starfsmanni sínum, eða óháðum aðila sem stjórn FSÍ velur, það hlutverk að hafa eftirlit með því að skilyrðum ákvörðunar þessarar sé fylgt. Skal t.d. tryggt að eftirlitsaðilinn geti aflað sér utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar ef hann telur þörf á því. Jafnframt skal Landsbankinn fela óháðum aðila eða aðilum eftirlit með því að skilyrðum ákvörðunar þessarar sé fylgt. Með óháðum aðila er hér átt við aðila sem ráðinn er af bankanum og kemur ekki með neinum hætti að framkvæmd skilyrða ákvörðunar þessarar eða starfsemi bankans eða eignarhaldsfélagsins sem tengist skilyrðum ákvörðunarinnar.

Skal bankinn tryggja að viðkomandi eftirlitsaðili njóti nægilegra heimilda og sjálfstæðis til þess að geta framkvæmt þetta eftirlit með trúverðugum hætti. Skal t.d. tryggt að eftirlitsaðilinn geti aflað sér utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar ef hann telur þörf á því. Skal bankinn upplýsa Samkeppniseftirlitið við gildistöku ákvörðunar þessarar hvernig framangreint verður tryggt.

Eftirlit samkvæmt 1. mgr. skal að minnsta kosti fela í sér eftirfarandi:

- a) Eftirlitsaðili FSÍ skal ganga úr skugga um hvort Promens og Tempra hafi farið eftir ákvörðun þessari. Í því felst mat á því hvort verkferlar Promens séu fullnægjandi og hvort farið hafi verið eftir þeim.
- b) Eftirlitsaðili bankans skal ganga úr skugga um hvort bankinn og Horn hafa farið eftir ákvörðun þessari. Í því felst mat á því hvort verkferlar bankans séu fullnægjandi og hvort farið hafi verið eftir þeim.
- c) Eftirlitsaðili FSÍ skal sérstaklega kanna hvort eðlileg arðsemissjónarmið séu höfð að leiðarljósi við rekstur Promens.
- d) Eftirlitsaðili FSÍ skal einnig fylgjast með því að stjórnarmenn FSÍ og Promens eftir því sem við á uppfylli skilyrði ákvörðunar þessarar.
- e) Eftirlitsaðili bankans skal fylgjast með því að viðskipti bankans við fyrirtæki á tengdum mörkuðum eða sama markaði séu í samræmi við ákvæði ákvörðunar þessarar.
- f) Eftirlitsaðili bankans skal fylgjast með því að viðskipti Promens/Tempra við Landsbankann og félög í eigu bankans séu í samræmi við ákvæði ákvörðunar þessarar.
- g) Eftirlitsaðilar skulu fylgjast með því hvort verulegar breytingar verði í rekstri Promens/Tempra, s.s. með sölu tiltekinna rekstrareininga, opnun eða lokun þeirra.

Eftirlitsaðilar skv. 1. mgr. skulu senda Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt fyrir lok apríl og októbermánaða þar til skilyrði þessi falla úr gildi. Skýrslan



skal að minnsta kosti geyma þær upplýsingar og mat sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar.

5.

Brottfall skilyrðanna

Nú missir Landsbankinn yfiráð yfir Horni og þeim félögum sem undir það félag heyra eða Landsbankinn eða Horn getur hvorki talist hafa yfiráð yfir Promens, né eiga sameiginleg yfiráð yfir Promens með öðrum eiganda. Skulu skilyrði þessi þá falla í brott hvað Landsbankinn og Horn varðar. Skal Horn Fjárfestingarfélag gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir slíkum breytingum á yfiráðum með skriflegri tilkynningu. Nú getur FSÍ ekki lengur talist hafa yfiráð yfir Promens, né eiga sameiginleg yfiráð yfir Promens með öðrum eiganda. Skulu skilyrði þessi þá falla brott hvað FSÍ varðar. Skal Framtakssjóðurinn gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir slíkum breytingum á yfiráðum með skriflegri tilkynningu. Nú verða umtalsverðar breytingar í rekstri og skipulagi Promens og skal þá Samkeppniseftirlitið að fenginni beiðni FSÍ eða Horns meta hvort taka eigi til endurskoðunar skilyrði þessi að því leyti sem nauðsynlegt er vegna eðlis breytinganna.

6.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson